

D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 20. maí 2014 í máli nr. S-96/2013:

Ákærvaldið

(Jón Einarsson fulltrúi)

gegn

Friðrik Johnson

(Stefán Karl Kristjánsson hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 16. maí sl. er höfðað af lögreglustjóranum í Borgarnesi á hendur Friðrik Johnson kt. ... Melgerði, Borgarbyggð

I

Með ákæru útgefinni 2. september 2013

„fyrir líkamsmeiðingar, með því að hafa þriðjudaginn 6. september 2011, staddur á heimili sínu að Melgerði, Borgarbyggð, ráðist á A... kt. ..., eftir deilur þeirra á milli, fyrst, er hún sat bílstjóramegin inni í bíl og ætlaði að aka á brott, tekið um háls hennar og ýtt höfði hennar niður yfir í farþegasæti bifreiðarinnar, síðan, inni í húsinu, ráðist hana, skellt henni í gólfið og velt sófaborði á hans, og slegið hana, og síðan, er hún hafði flúið út úr húsinu, elt hana, skellt henni í jörðina og sest klovvega ofan á brjóskassa hennar og tekið höndum um háls hennar, með þeim afleiðingum að A... fékk kúlu á hnakka og fleiður, tvær stórar kúlur á enni, bólgu við vinstra augnlok og vinstri kinn, þreifeymsli á neðri brún „orbita“ [augntóftarsvæði] vinstra megin og yfir kjálkaliðum beggja vegna, marbletti eftir fingur á hálsi (þrjá hægra megin og tvo vinstra megin), mar hægra megin á bringu neðan við mitt viðbein, mar og fleiður á báðum herðablöðum, mar eftir fingur á upphandlegg (einn á hægri upphandlegg og tvo á vinstri upphandlegg), sér á hægri olnboga og fleiður, fleiður höndum, og blæðingu í vöðva í hægri hnésbót.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Tildrög máls þessa eru þau að þriðjudaginn 6. september 2013 tilkynnti B... lögreglunni í Borgarnesi að hann ásamt bróður sínum væri á leið að Melgerði í Lundareykjardal og kvað ákærða hafa lamið systur þeirra, brotþola í máli þessu. Er lögreglumenn komu á vettvang var brotþoli, sem sat inni í bíl bróður síns D..., sjáanlega lemstruð og ötuð blóði. Hafi hún sagt að blóðið væri ekki úr sér. Ákærði hafði lokað sig inni í íbúðarhúsinu að Melgerði og vildi engum hleypa inn og var æstur og ölvaður. Bræður brotþola fluttu hana á heilsugæsluna í Borgarnesi en eftir það kom ákærði út og vildi tala við lögreglumennina og bauð þeim inn. Hann hafi ekki verið viss um hvað hefði gerst. Hafi hann verið óstöðugur og þvoglumæltur og neitaði því að hafa lagt hendur á brotþola. Hún hefði verið að lemja hann og benti á sár á enni sér sem blæddi úr. Hafi brotþoli slegið höfði hans í glerborð inni í stofunni og hafi það brotnað við það. Hann teldi enga áverka vera á brotþola en hann hefði ekki gert henni neitt. Tekin var mynd af sárum ákærða og stofunni. Lögreglumennirnir fóru síðan á heilsugæsluna í Borgarnesi og ræddi þar við brotþola sem sagði þau ákærða hafa slegist og meðal annars hefði ákærði setið klovvega á henni og haldið um kverkar henni en hún náð að berja hann með grjóti í höfðið og hafi hún losnað við það. Hún hafi reynt að komast að næsta bæ en ákærði elt hana uns bræður hennar hafi komið henni til hjálpar. Hún hafi verið með sjáanleg för á hálsi og mjög bólgin í andliti og að sögn læknis hefði líklega blætt inn á lið við hnésbót. Kvaðst hún kæra þetta.

Í skýrslu hjá lögreglu 7. september 2011 sagði brotþoli að hún hefði sótt bróður sinn á Keflavíkurflugvöll. Á leiðinni til baka hefði ákærði hringt í hana og haf hann verið drukkinn og frekar dónalegur við hana í símann. B... hefði heyrt samtal þeirra og sagt að ákærði bæri enga virðingu fyrir henni. Hún hafi ekið B... heim til D... brls hennar að opna l opna hurðina u ki bera virðingu fyrir sóður þeirra og síðan heim til sín að Melgerði í Lundarreykjadal. Ákærði hafi verið mikið drukkinn og mjög æstur og haft við orð að hún væri ekki eins og hún ætti að sér að vera og spurt hvort hún vildi segja eitthvað við hann. Hún hefði sagt að henni fyndist hann ekki bera virðingu fyrir sér. Ákærði hefði þá orðið mjög reiður og brotið glerplötu í sófaborði í stofunni. Hún hafi forðað sér út með hundana, sett þá inni í bílinn og ætlað að aka á brott. Ákærði hefði elt hana út og skipað henni að opna hurðina á bílnum en hún ekki þorað því fyrr en hann hafi gert sig líklegan til að brjóta bílrúðuna. Ákærði hafi þá gripið um háls hennar og ýtt henni niður í farþegasætið yfir miðjustokkinn í bílnum, tekið bíllyklana og farið inn í húsið. Hafi hann verið mjög æstur og öskrað á hana hvað eftir annað að koma sér inn með hundana. Hún hafi gert það að lokum. Þegar inn var komið hafi ákærði ráðist á hana og hvolfst sófaborðinu yfir hana og lagst ofan á borðið og hana og kýlt hana nokkrum sinnum í gegnum grind sem hefði haldið borðplötunni. Hann hafi síðan sleppt henni og hún hlaupið út, berfætt. Ákærði hafi elt hana og skellt niður í jörðina og sest klovvega ofan á hana með hnén á handleggjum hennar. Hann hafi tekið um kverkar henni og hert að þannig að henni lá við köfnun en henni hafi tekist að losa annan handlegg sinn og ná taki á steini sem hún hafi slegið hann með í höfuð eða andlit. Honum hefði strax farið að blæða og hún grátbeðið hann um að sleppa sér sem hann hafi að lokum gert. Hún hafi hlaupið af stað að næsta bæ en ákærði hafi elt hana á mótorhjóli. Bróðir hennar D... hafi komið akandi og hafi hún farið inn í bíl hans og þau farið að Melgerði og hún sótt dót sem hún hafi átt, símann sinn og fleira. B... hafi sótt dót sem hún hafi átt í bíl ákærða. Ákærði hefði er hann kom að farið að

æsa sig við B... yfir þessu en B... snúið hann niður og haldið honum en ákærði verið mjög æstur og hrækt á B.... Þegar þarna var komið hefði lögreglan rennt að bænum og þau þá skömmu síðar farið í burtu og hún farið til skoðunar á heilsugæsluna í Borgarnesi. Hún hefði farið suður til Reykjavíkur í röntgenmyndatöku því læknirinn hafi óttast að hún hefði kinnbeinsbrotnað við árásina, eða flísast úr beini undir öðru auga hennar. Sagði A... að teknar hefðu verið myndir af áverkum hennar á heilsugæslustöðinni í Borgarnesi en hún væri með áverka á andliti, hálsi, handleggjum baki og fótlegum eftir árásir ákærða. Óskaði A... eftir því að henni yrði tilnefndur réttargæslumaður sem myndi gæta hagsmuna hennar í Kvaðst hún einnig kæra Friðrik fyrir árásina og krefjast þess að honum yrði refsað fyrir verknadinn.

Hinn 9. september 2011 kom brotþoli á lögreglustöðina í Borgarnesi og kvaðst vera mætt til þess að draga kæru sína á hendur ákærða fyrir líkamsárás til baka. Hún greindi engar ástæður fyrir þessari ákvörðun sinni.

Með bréfi dagsettu 7. október óskaði lögreglustjórinn í Borgarnesi að embætti ríkissaksóknara legði mat á það hvort ákvæði 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 kæmi til álíta hvað varðaði þær aðferðir sem ákærði hafi beitt. Þá var óskað eftir álitum/fyrirmælum embættisins hvernig túlka skyldi 2. mgr. 217. gr. teldist tilvikið heyra undir 217. gr. og hvaða þýðingu lokamálsliður 2. mgr. 218. gr. b hefði í málum sem þessum. Í svari ríkissaksóknaraembættisins dagsettu 26. október 2011 kemur fram að lagt sé til grundvallar að sakarefni málsins geti varðað við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. síðari breytingar vegna hættulegrar verknadaðferðar. Þá var á það bent að sá galli væri á skýrslutökum af bræðrum brotþola og henni sjálfri að ekki hefði verið gætt ákvæða 2. mgr. 117. gr. laga um meðferð sakamála við skýrslutökurnar og skyldi úr því bætt.

Að svo búnu voru skýrsla tekin að nýju af D... 7. nóvember 2011 sem vísaði til fyrri skýrslu sinnar hjá lögreglu frá 28. september 2011 þar sem fram kom að Hann hefði ekið að Melgerði í bifreið sinni ásamt bróður sínum, B.... Á leiðinni hafi þeir séð ákærða á mótorhjóli og brotþola á gangi á undan ákærða. Hún hafi verið blóðug en sagt vitninu að blóðið væri frá ákærða en hún hefði slegið hann með steini í höfuðið en ákærði hefði skellt henni í jörðina og tekið hana kverkataki. Í síðari skýrslu sinni kvaðst vitnið hafa miklar áhyggjur af systur sinni í sambúð hennar og sambandi við ákærða. Hún sé mjög hrædd við hann og til dæmis hafi hún flúið af heimili sínu í Melgarði í tvígang heim til D... en í þessum tilfellum hafi ákærði verið búinn að drekka of mikið og A... orðið hrædd við hann og flúið heimilið.

Í síðari skýrslu sinni hjá lögreglu frá 7. nóvember 2011 sagði B... brotþoli hafi sótt hann á Keflavíkurlflugvöll fyrr um daginn. Hún hafi talað við ákærða á leiðinni í Borgarnes. Ákærði hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis og verið með

eitthvað „dónatal“. Vitnið kvaðst hafa sagt við brotapolu að sér fyndist sem ákærði kæmi illa fram við hana. Brotapoli hafi svo farið heim til sín að Melgerði. Stuttu síðar hafi ákærði hringt í vitnið B... og taldi vitnið að brotapoli hefði verið að ræða við ákærða um hvernig ákærði kæmi fram við hana. Hafi ákærði ekki verið sáttur við afskipti vitnisins. Ákærði hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis. Stuttu síðar hafi brotapoli hringt, og spurt hvort þeir bræður geti ekki komið og sótt sig. Hún hafi þá verið úti í bíl og ákærði búinn að taka kveikjúláslykilinn af henni. Vitnið sagði að brotapoli hafi enn hringt og nú í D... og öskrað í símann og sagt að ákærði væri að draga sig út úr bílnum og svo hafi sambandið slitnað. Hafi hann þá hringt eftir aðstoð lögreglu og þeir bræður einnig hraðað sér á vettvang. Þeir hafi séð brotapolu á næsta bæ við Melgerði og tekið hana þar upp í bifreiðina. Á leiðinni til læknis hafi brotapoli lýst því hvernig ákærði hefði dregið hana út úr bifreiðinni og lamið hana ítrekað og svo tekið um háls hennar og reynt að kyrkja hana. Hafi hún sagst hafa upplifað þetta sem sitt síðasta og að henni hafi fundist eins og að hún væri að kafna, verið að missa meðvitund. Hún hafi sagst hafa náð í stein og lamið ákærða með honum til að losna og hafi það dugað til að ákærði hafi sleppt takinu af hálsi brotapolu. Hún hafi sagst hafa hlaupið í átt að næsta bæ og þeir bræður hitt hana þar fyrir. Er þeir hafi komið að brotapolu fyrst hafi hún verið í mjög miklu sjokki, hafi skolfið eins og hrísla og verið mjög hrædd. Hún hafi hafi verið berfætt og alblóðug og greinilegt að hún hefði flúið af heimili sínu í miklum flýti. Hún hafi svo róast tiltölulega fljótt eftir að þeir bræður hafi komið henni til hjálpar.

Hinn 20. ágúst 2012 mætti ákærði á lögreglustöðina í Borgarnesi og kvaðst hann ekki vilja tjá sig um málið og neitaði að svara spurningum um það hjá lögreglu.

Fyrir liggur áverkavottorð Lindu Kristjánsdóttur læknis þar sem segir að læknirinn hafi skoðað brotapolu 6. september 2011. Hafi brotapoli lýst atvikum þannig að ákærði hafi tekið hana hálstaki hafi henni fundist á tímabili sem hún væri að missa meðvitund, og hafi hann endurtekið kýlt hana í andlit og höfuð. Hann hafi klemmt hægri ganglim hennar milli borðs og veggjar. Átökin hafi hafa átt sér stað bæði inni og utan dyra en hann hafi elt hana út. Brotapola hafi verið mjög brugðið, og hafi liðið illa. Hún hafi verið alblóðug á andliti og bringu en sagt blóð vera úr sambýlismanni

Áverkar hafi verið eftirtaldir:

Kúla á hnakka og fleiður, 2 stórar kúlar á enni, Mikil bólga á vi augnloki og vi kinn, þreifeymsli á neðri brún orbita vi megin og yfir kjálkaliðum beggja vegna. Marblettir eftir fingur á hálsi 3 hægra megin og 2 minni vi megin, mikil eymsli við þreifingu yfir barka. Eðlileg öndun, kynging og tal. Mar hægra megin á bringu neðan við mitt viðbein. Mar og fleiður á báðum herðablóðum, mar eftir fingur 1 á hægri upphandlegg, 2 á vinstri. Sár á hægri olnboga og fleiður. Fleiður á höndum. Blæðing í vöðva í hægri hnésbót.

Tölvusneiðmynd af andlitsbeinum og hálsi/barka hafi ekki sýnt beinbrot.

Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði sagði að hann hafi verið fullur og leiðinlegur heima er brotápoli kom. Hafi þau farið að rífast og það endað með áflogum. Hann sagðist muna illa eftir atvikum enda hafi hann verið illa haldinn af drykkju. Spurður um áverka á honum sjálfum kvaðst hann ekki muna hvað hefði gerst. Hann kvað þau brotáþola vera í sambúð enn í dag en þau hafi sæst. Hann kvaðst ekki rengja atvikalýsingu í ákæru. Hann kvaðst hafa son sinn hjá sér og vera edrú og hafa verið það frá því í júnílok á síðasta ári.

Brotápoli sagði að hún myndi ekki lýsingu frá því að hún gaf skýrslu sína hjá lögreglu en rengdi hana ekki. Ákærði hafi verið drukkinn og leiðinlegur og þau hafi rífast og lent í áflogum. Blætt hafi úr sári á honum eftir högg með steini. Hún hafi ekki viljað fylgja þessu máli eftir en sambúð þeirra ákærða sé nú góð.

Vitnið B... bróðir brotáþola sagði að hún hefði sótt hann á Keflavíkurflugvöll og þau farið til D.... Hún hafi síðan ekið heim að Melgerði en hringt síðar og sagt að ákærði væri fullur og hvort þeir geti sótt hana. Þeir bræður hafi komið að henni og hún hafi verið í bíl D... og þau ekið að Melgerði þar sem hún hafi tekið föt og fleira úr húsinu en vitnið farið í bíl ákærða og tekið dót sem brotápoli hafi átt þar. Ákærði hafi brugðist illa við þessu en vitnið tekið hann og keyrt niður í jörðina. Skömmu seinna hafi lögregla komið á vettvang en þeir ekið með brotáþola á heilsugæsluna. Brotápoli hafi sagt þeim að þau hefðu verið að rífast, hann hefði brotið borð og haldið henni undir því. Síðan hafi hann reynt að kyrkja hana og hún þurft að slá hann með steini en vitnið kvaðst hafa séð far eftir hendur á hálsi brotáþola. Vitnið kvað samskipti við brotáþola eftir þetta vera lítil en góð og í lagi við ákærða.

Vitnið D... sagði brotáþola hafa hringt hrædd og kjökrandi og beðið um hjálp. Þeir hafi hringt í lögreglu á leiðinni að Melgerði til öryggis. Hún hafi verið a gangi og þeir tekið hana upp í en hún hafi verið lemstruð og sjúskuð. Þau hafi farið að Melgerði til að ná í síma hennar og fleira. B... og ákærði hafi átt í einhverju rífrildi yfir öllu þessu. Síðan hafi þau farið á heilsugæsluna þar sem brotápoli var skoðuð og síðna á lögreglustöðina Brotápoli hafi sagt að ákærði hefði verið full yfir því að hún hefði sótt B... og að hann hefði verið að reyna að kyrkja hana þar sem hún hafi legið undir honum en hún náð í stein, slegið hann og sloppið frá honum.

Vitnið Sigurkarl Gústavsson lögreglumaður sagði að er þeir Þórir Sigurðsson lögreglumaður komu á vettvang hafi brotápoli verið í bíl D... en ákærði innan dyra að Melgerði. Smááverkar hafi verið á brotáþola og blóð sem hún hafi sagt að væri ekki frá henni sjálfri. Bræður hennar hafi flutt hana á heilsugæslustöðina. Ákærði

hafi komið út og viljað ræða við þá og boðið þeim inn. Hann hafi ekki verið viss um hvað hefði gengið á. Hann hafi verið með sár á höfði og sagði brotapolu hafa skellt honum á glerborð í stofunni. Lögreglumennirnir hafi síðan farið á heilsugæslustöðina þar sem brotapolu hafi sagt frá því að ákærði hafi setið ofan á henni og reynt að kyrkja hana.

Vitnið Þórður Sigurðsson lögreglumaður Kvað B... hafa tilkynnt um erjur í Melgerði og beðið lögreglu um að koma. Ákærði hafi verið inni í húsinu en brotapolu verið fyrir utan. Hún hafi verið blóðug en sagt að blóðið væri ekki úr henni. Bræður hennar hafi farið með hana á heilsugæsluna. Ákærði hafi verið mjög ölvaður og þvoglumæltur. Hann hafi ekki kannast við að hafa ráðist á hana en hún hafi ráðist á hann. Vitnið kvað blóðugan stein hafa verið úti og sagði að ákærði hefði verið með skurð á höfði en hafi ekki viljað fara til læknis.

Vitnið Linda Kristjánsdóttir yfirlæknir staðfesti áverkavottorð sitt frá 13. september 2011 og kvað brotapolu ekki hafa verið beinbrotna og að áverkar ekki lífshættulegir.

Ákærði sem kvaðst hafa verið drukkinn og mundi atvik illa sagðist þó ekki rengja atvikalýsingu í ákæru. Brotapolu hefur verið stöðug í frásögn sinni um atvik allt frá því að hún skýrði bræðrum sínum, lögreglu, lækni og dómnum frá þeim. Þá hafa vitnin D..., B... og lögreglumennirnir Þórir og Sigurkarl lýst aðstæðum á vettvangi og aðkomu þannig að ljóst er að átök urðu með ákærða og brotapolu og af vottorði læknis þar sem áverkum brotapolu er lýst og ljósmyndum sem teknar voru af brotapolu má glögglega ráða að atvikalýsing í ákæru verður ekki rengd með skynsamlegum hætti.

Þykir fram komin sönnun um að ákærði haf gerst sekur um brot það sem honum eru gefin í sök í ákæru og með vísan til þess að sannað þykir að ákærði hafi tekið hana kverkataki og að hún bar þess merki á hálsi svo og til áverka hennar að öðru leyti þykir brot ákærða varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II

Með ákæru dagsettri 24. september 2013

„fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa aðfararnótt laugardagsins 29. júní 2013, ekið bifreiðinni YD-897, undir áhrifum áfengis (vínandamagn í blóði var 1,87 prómill), og ófær um að stjórna henni örugglega vegna neyslu ávana- og fíkniefna sem bönnuð eru skv. lögum um ávana- og fíkniefni eða reglugerðum skv. þeim (magn tetrahýdrókannabínól í blóði var 2,9 ng/ml), eftir Hvalfjarðarvegi þar til á móts við

þar sem lögreglan stöðvaði aksturinn, og fyrir brot gegn áfengislögum með því að hafa aðfaramótt laugardagsins 29. júní 2013, haft í vörslum sínum ca. 1 líter af heimabruggi (s.k. landa), í eins líters flösku sem falin var bifreiðinni að YD-897, en lögreglan fann áfengið í bifreiðinni eftir að ákærði hafði vísað á það.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr., og 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. a, sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum, og 5. mgr. 19. gr., sbr. 1. mgr., sbr. 2. mgr., 27. gr., afengislaga nr. 75/1988 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þá er þess krafist að gerð verði upptæk með dómi ca. 1 líter af heimabruggi (s.k. landa), í eins líters flösku, sem lögreglan lagði hald á þann 29. júní 2013. Upptökukrafan styðst við 2. mgr. 28. gr. afengislaga nr. 75/1988 með síðari breytingum.“

Við þingfestingu máls þessa játaði ákærði sök og heimilaði upptöku samkvæmt kröfu í ákæru.

Við aðalmeðferð máls þessa dró ákærði játningu sína til baka. Hann kvaðst þó hafa verið búinn að drekka og viðurkenndi neyslu. Hann gaf þá skýringu að hann dragi í efa niðurstöðu rannsóknar á áfengismagni og fíkniefnum í blóði þar sem læknir hafi ekki tekið frá honum blóð, heldur læknanemi. Hins vegar gerði hann ekki athugasemdir við upptökukröfu í ákæru og féllst á hana. Þá komu engar athugasemdir fram við framkvæmd mælinga áfengismagns eða fíkniefna í blóði.

Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn segir að Landlæknir megi, ef nauðsyn krefur, veita þeim sem lokið hafa fjórða árs námi í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands eða sambærilegu námi erlendis tímabundið starfsleyfi til að sinna tilgreindum læknisstörfum. Í slíkum tilvikum skuli læknanemi starfa með lækni með ótakmarkað lækningaleyfi.

Í 4. gr. læknalaga, nr. 53/1988 sem í gildi voru er atvik máls þess urðu sagði að ef nauðsyn krefði mætti landlæknir fela læknaandídötum eða læknanemum, sem lokið hafa 4. árs námi, að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hafi viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegni þeim störfum. Í slíkum tilvikum skyldi læknanemi starfa með lækni.

Fram kom í skýrslu vitnisins Lindu Kristjánsdóttur yfirlæknis heilsugæslustöðvar að læknaneminn Sindri A. Viktorsson sem tók blóðsýni frá ákærða umrætt sinn hafi

starfað samkvæmt tímabundnu lækningaleyfi á því tímabili sem hér er fjallað um. Er á því að byggja að taka blóðsýnis frá ákærða hafi farið fram í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 301/2008 um töku sýna og rannsókn vegna aksturs undir áhrifum vímuefna. Eru mótbárur hans við sýnatökunni því haldlausar og ákærði verður sakfelldur fyrir brot þau sem honum eru gefin í sök í ákærðu sem þar eru réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði hefur ekki sakarferil sem skiptir máli hér og þykir refsing hans, sem ákveðst skv. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði og 160.000 krónur í sekt í ríkissjóð. Rétt þykir að skilorðsbinda fangelsisrefsingu ákærða og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá skal ákærði sviptur ökurétti í 18 mánuði frá dómsbirtingu að telja. Ákærði greiði sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, svo sem í dómsorði greinir.

D Ó M S O R Ð

Ákærði Friðrik Johnson sæti fangelsi í 3 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði 160.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 12 daga fangelsi í stað sektar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 18 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Stefáns Karls Kristjánssonar, hdl. 288.650 krónur auk ferðakostnaðar verjandans 37.872 krónur. Loks greiði ákærði sakarkostnað samkvæmt yfirliti og vegna áverkavottorðs, samtals að fjárhæð 108.473 krónur.

Allan V. Magnússon

